

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 204/1954. **H/f Stapafell** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Magnúsi Pálssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Sóttar eftirstöðvar hásetahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 3858.10 auk 6% ársvaxta frá 10. maí 1954 til greiðsludags og dæmdur málskostnaður í héraði verði færður niður í kr. 600.00. Hann krefst málskostnaðar hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að sér verði dæmdar kr. 6118.41 úr hendi áfrýjanda auk vaxta og málskostnaðar, eins og í héraðsdómi greinir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Svo krefst hann og sjóveðréttar í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hafa aðiljar lagt fram nokkur ný gögn í málinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að hásetahlut á v/b Ingólfi á umræddri vertíð beri að miða við það, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hásetahlut beri að miða við 9 manna áhöfn.

Skipstjóri sá, sem var á bátnum, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að skipshöfnin hafi ýmist verið átta, níu eða tíu manns, en telur, að yfir tímabilið allt hafi að jafnaði verið níu manna áhöfn á bátnum. Gegn þessu hefur áfrýjandi ekki leitt sönnur að því, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum að jafnaði. Verður því að miða hásetahlut við níu manna áhöfn, svo sem stefndi gerir kröfu til. Eru aðiljar sammála um, að hann nemi þá kr. 5817.80. Stefnda bar $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur, og nemur því aflahlutur hans, kr. 7272.25. Enn fremur

átti hann kröfu til 5% orlofsfjár af fjárhæð þessari, og nemur hún kr. 363.61. Verður áfrýjandi þó eigi dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en kr. 7500.00 samkvæmt þessum liðum, svo sem krafizt var í héraðsstefnu. Áfrýjandi viðurkennir, að stefndi eigi rétt á kr. 759.80 fyrir vinnu við viðgerð á skipinu. Þá er ómótmælt, að stefndi hafi verið stýrimaður í strandsiglingum á framangreindum bát frá 1. til 10. maí f. á. Hefur verið lagt fram vottorð frá Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands um, að mánaðarkaup stýrimanns hafi numið á þessum tíma kr. 4054.80 auk orlofsfjár. Nemur kaup stefnda í 10 daga þá kr. 1351.60 og orlofsfé, 5% af þeirri fjárhæð, kr. 67.58, samtals kr. 1419.18.

Krafa stefnda um kr. 168.65 fyrir vinnu við affermingu hefur ekki sætt andmælum. Verður áfrýjanda því gert að greiða stefnda þá fjárhæð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfur stefnda að fjárhæð kr. 7500.00 + kr. 759.80 + kr. 1419.18 + kr. 168.65 = kr. 9847.63. Upp í þetta hefur áfrýjandi greitt stefnda kr. 3500.00, svo sem í héraðsdómi greinir. Auk þess er viðurkennt hér fyrir dómi, að frá kröfum stefnda beri að draga aðgerðarkostnað kr. 365.10.

Þá hefur áfrýjandi haldið því fram, að frá kröfum stefnda beri að draga kr. 1490.73 fyrir fæði, sem útgerð bátsins hafi látið í té, en skipverjum borið að endurgreiða. Þessum frádráttarlið hefur stefndi mótmælt. Kveðst hann sjálfur hafa lagt sér til fæði. Áfrýjandi hefur engin gögn lagt fram til sönnunar þessum kröfulið, og er því eigi unnt að taka hann til greina gegn mótmælum stefnda. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 9847.63 ÷ kr. 3865.10 = kr. 5982.53 auk vaxta, eins og segir í héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms þykir bera að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda, sem ekki kom fyrir dóm í héraði, að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, h/f Stapafell, greiði stefnda, Magnúsi Páls-

syni, kr. 5982.53 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði kr. 1100.00 og fyrir Hæstarétti kr. 1800.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

5. júlí 1954.

Ár 1954, mánudag 5. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjó-dómsformanni og meðdómendum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 5. júní s.l., af Magnúsi Pálssyni, stýrimanni í Reykjavík, gegn stjórn Stapafells h.f., Húsatóftum, Grindavíkurhreppi, þeim Árna Vilmundarsyni vélstjóra, Suðurgötu 36, Keflavík, formanni stjórnarinnar, Guðvarði Vilmundarsyni skipstjóra, Hásteinsvegi 49, Vestmannaeyjum, og Erlendi Vilmundarsyni, Sandfelli við Breiðhóltsveg, Reykjavík, f. h. fyrrgreinds félags til greiðslu á kr. 6347.65 með 6% vöxtum frá 10. maí s.l. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómarans.

Loks gerir stefnandinn kröfur til, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/b „Ingólf“, KE 96, til tryggingar framangreindum stefnukröfum.

Stefndu hvorki mættu né létu mæta af sinni hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandinn kveðst hafa verið skráður stýrimaður á v/b „Ingólf“ frá 17. marz til 10. maí s.l., fyrst við netjaveiðar frá Vestmannaeyjum og síðan í flutningum til Hornafjarðar og Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum. Áður en skipið fór til Vestmannaeyja, hafði hann unnið við standsetningu þess og veiðarfæra þess og verið við þá vinnu alls 40 klst. og borið í kaup fyrir það kr. 759.80.

Stýrimannshlutar hans á netjaveiðunum hefði numið kr. 7500.00.

Kaup í flutningum í 10 daga hefði verið kr. 1419.20, en auk þess hefði hann unnið við losun á vörum, dagvinnu og helgidagavinnu-taxta, samtals kr. 168.65. Allt þetta nemur samtals kr. 9847.65, en af því hefur stefnandi fengið greiddar kr. 3500.00, en eftirstöðvarnar eru kr. 6347.65, sem er stefnukrafan.

Þar sem stefnandinn hefur þannig gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum, ber að taka þær til greina, einnig kröfu hans um staðfestingu á sjóveðrétti til tryggingar þeim í v/b „Ingólfi“, KE 96. Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1100.00.

Því dæmist rétt vera :

Stefndu, Árni Vilmundarson, Guðvarður Vilmundarson og Erlendur Vilmundarson f. h. Stapafells h.f., greiði stefnandanum, Magnúsi Pálssyni, kr. 6347.65 með 6% ársvöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað með kr. 1100.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa. Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/s Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 205/1954. **H/f Stapafell** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Þorvaldi Guðjónssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Sóttar eftirstöðvar skipstjórahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir þær kröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 8618.13 auk 6% ársvaxta frá 10. maí 1954 til greiðsludags og að dæmdur málskostnaður í héraði verði færður niður í kr. 900.00. Hann krefst málskostnaðar hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að sér verði dæmdar kr. 11.360.58 úr hendi áfrýjanda auk vaxta og málskostnaðar, eins og í héraðsdómi greinir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Svo krefst hann og sjóveðréttar í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram nokkur ný gögn í málinu. Enn fremur hefur stefndi komið fyrir dóm eftir uppsögu héraðsdóms og gefið skýrslu um málsatvik.